

Reykjavík, 4. október 2012  
R12090179

175  
HBL/gje

Alþingi - nefndasvið  
Kristjana Benediktsdóttir

Austurstræti 8-10;150 Reykjavík

Efni:

***Frumvarp til breytingar á lögum um  
kosningar til alþingis og sveitarstjórna -  
umsögn***

Á fundi borgarráðs 4. október var lögð er fram umsögn skrifstofu borgarstjórnar dags. 3. október um frumvarp til breytingar á lögum um kosningar til alþingis og sveitastjórna (aðstoð við atkvæðagreiðslu) 180. mál.

Meðfylgjandi umsögn skrifstofu borgarstjórnar.

Borgarráð samþykkti umsögnina.

***Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna  
(aðstoð við atkvæðagreiðslu ), 180. mál.***

Reykjavíkurborg barst erindi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis þann 28. september sl. þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna (aðstoð við atkvæðagreiðslu), 180. mál. Í erindinu kom jafnframt fram að þess væri óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en föstudaginn 5. október.

Með frumvarpinu er verið að leggja til að lögfestur verði réttur þeirra kjósenda, sem lagaákvæðin ná til, um að þeir eigi rétt til að ákveða hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu í kosningum. Þannig eiga kjósendur, sem lagaákvæðin ná til, ekki að þurfa að vera bundnir við aðstoð kjörstjóra í einrúmi eða fulltrúa úr kjörstjórn til þess að geta greitt atkvæði í kjörklefa. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að við samningu þess hafi verið höfð hliðsjón samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, einkum ákvæðum um rétt þeirra til þátttöku í stjórnámálum og opinberu lífi.

Tillaga frumvarpsins gengur lengra en þær breytingar sem gerðar voru á sænskri og danskri kosningalöggjöf eftir að samningurinn var fullgiltur í bæði Svíþjóð og Danmörku. Í frumvarpinu er lagt til að kjósendi fái heimild til að velja sér fulltrúa sjálfur, í stað kjörstjórnarmanns á kjördegi eða kjörstjóra utan kjörfundar, við aðstoð við atkvæðagreiðslu. Er talin ástæða til að benda á að slík breyting frá núgildandi skipan kosningalöggjafar hér á landi getur verið í andstöðu við 31. gr. stjórnarskrárinnar um leynilegar kosningar þótt lagaheimildin taki enn einungis til sömu kjósenda og áður, þ.e. þeirra sem ekki eru færir um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að þeim er hönd ónothæf. Með

breytingunni er gert ráð fyrir að þeir kjósendur sem falla undir ákvæðið þurfi að lýsa yfir vilja sínum til að greiða atkvæði með aðstoð fulltrúa síns, eftir að lögskipaður réttindagæslumaður hefur vottað um vilja kjóсандans í einrúmi. Réttindagæslumaðurinn kemur að öðru leyti ekki nærri atkvæðagreiðslu kjóсандans og í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fulltrúi kjósandans í kjörklefa verði bundinn þagnarheiti á sama hátt og kjörstjórnarmaður og kjörstjóri. Bóka skal um afgreiðsluna formlega og um aðstoðina sjálfa í kjörbók. Rof á þagnarheiti verður refsivert eins og nú er hjá kjörstjórnarmanni og kjörstjóra.

Ekki eru gerðar beinar athugasemdir við frumvarpið en lagt er til að Alþingi láti fara fram sjálfstæða skoðun á því hvort breytingarnar geti verið í andstöðu við 31. gr. stjórnarskrárinnar um leynilegar kosningar, til að eyða óvissu um það álitaefni. Einnig er bent á að undirbúningur fyrir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram á að fara 20. október nk. hófst í júlímánuði sl. Kjörstaðir í Reykjavík verða 13 talsins með allt að 80 kjördeildum og starfa tæplega 400 manns í kjörstjórnnum í Reykjavík. Þessir aðilar þurfa allir að hljóta viðeigandi fræðslu um breytingarnar. Er bent á að skammur tími er til stefnu og er því óskað eftir því að tekið verði tillit til þessarar vinnu þegar ráðuneytið ákvarðar greiðslur til sveitarfélaganna vegna atkvæðagreiðslunnar, verði frumvarpið samþykkt fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal

e.u.